

Hagsmunir barnsins hafðir að leiðarljósi

Hvernig eigum við að bregðast við ef okkur grunar að börn búi við vanrækslu eða ofbeldi? Þær Ólöf Ásta Farestveit, uppeldis- og afbrotufræðingur og Þorbjörg Sveinsdóttir, MSc í sálfræði, leitast við að svara þessari spurningu í nýendurútgefinni bók sinni, Verndum þau.

Signý Gunnarsdóttir
signy@mbl.is

Það var leitað til okkar Ólafar Ástu Farestveit frá menntamálaráðuneytinu og Æskulýðsráði ríkisins og við beðnar um að skrifa þessa bók þar sem við höfum báðar starfað í Barnahúsi frá árinu 2001. Við höfum þar af leiðandi mikla reynslu af ofbeldismálum sem snúa að börnum og unglíngum,“ segir Þorbjörg Sveinsdóttir, annar höfundur bókarinnar Verndum þau. Bókin var fyrst gefin út árið 2006 en hefur nú nýlega verið endurútgefin og segir Þorbjörg það hafa verið nauðsynlegt því í þessum málaflakki sé svo margt sem breytist á skömmum tíma. Þó að reynsla Þorbjargar og Ólafar byggist að mestu leyti á kynferðisbrotamálum gagnvart börnum og unglíngum var ákveðið að taka á öllu ofbeldi og vanrækslu gagnvart börnum í bókinni. „Markmiðið var að gefa út fræðsluefni sem myndi gagnast öllum þeim sem starfa með börnum og unglíngum í rauninni á hvaða vettvangi sem er. Ef maður er að vinna með börnum þá skuldbindur maður sig til að fylgjast með aðbúnaði þeirra og líðan,“ segir Þorbjörg.

Okkur er skylt að segja frá

Á sama tíma og bókin var gefin út var ákveðið að útþúa þriggja klukkustunda námskeið sérstaklega fyrir starfsfólk sem vinnur með börnum. „Við Ólöf Ásta höfum í dag haldið um 200 námskeið og það hefur verið mjög gott að geta fylgt bókinni eftir á þann hátt. Allir sem vinna með börnum og við öll sem búum í þessu landi erum bundin til-



Sérfræðingurinn Þorbjörg Sveinsdóttir er sérhæfður rannsakandi hjá Barnahúsi og annar tveggja höfunda bókarinnar Verndum þau.



Aðferðafræðin Það skiptir máli að börn séu ekki spurð leiðandi og óviðeigandi spurninga áður en þau mæta í viðtal hjá fagfólki. Myndin er sviðsett.



kynningaskyldu. Okkur ber að tilkynna til Barnaverndarnefndar ef við höfum áhyggjur af aðbúnaði barna og ég tala nú ekki um ef börn segja frá að brotið hafi verið gegn þeim. Ef slík atvik eru ekki tilkynnt er viðkomandi sem á hlýðir í raun að brjóta lög. Á námskeiðinu er farið yfir tilkynningaskylduna, viðbrögð, ofbeldisfrásagnir, barnaverndarkerfið, réttarvörslukerfið og ýmsa þætti sem skipta máli.“

Bókinni er skipt niður í nokkra flokka, kynferðislegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi, andlegt ofbeldi og vanræksla og er farið yfir hvern flokk fyrir sig. Í bókinni er einnig farið í gegnum þau lög sem snúa að hagsmunum barna, bæði barnaverndarlögin og almenn hegningarlög. „Fólk hefur oft ekki aðgang að þessu nema í lagabálkum sem er mjög erfitt að komast í gegnum en í bókinni reynum við að gera þetta aðgengilegt.“

Í skjóli nafnleyndar

Þorbjörg segir fólk stundum smeykt við að tilkynna mál til Barnaverndarnefndar eða leita ráða hjá Barnahúsi. „Við þurfum alltaf að hafa í huga hverra hagsmuna er verið að gæta. Erum við að gæta hagsmuna barnsins sem ef til vill býr við óviðunandi aðstæður eða hræðumst við það að einhver verði reiður út í okkur? Þegar búið er að tilkynna þá erum við í það minnsta sem einstaklingar búin að koma áhyggjum okkar frá okkur. Það er vont að horfa til baka tveimur, þremur árum seinna og sjá að maður hefði getað gert eitthvað. Það verður samt alltaf að vera eitthvað hugvit og skynsemi á bak við hverja tilkynningu. Stundum er þetta kristaltært, sumt er óljósara og sumt er á gráu svæði,“ segir Þorbjörg.

Sé fólk í vafa getur það leitað ráða hjá fagfólki. Fólk sem er að vinna með börnum tilkynnir til Barnaverndar í nafni starfsvettvangs síns en einstaklingar sem tilkynna um nágrannabörn eða börn í fjölskyldunni geta tilkynnt undir nafnleynd. „Tilkynningaskyldan er að mínu mati alveg gríðarlega mikilvægt verkfæri og skilar þessum málum í einhvern farveg. Svo getur fólk verið misánægt með þetta ferli og það eru auðvitað alltaf einhverjar grýlusögur um að tilkynningar hafi

ekki skilað neinu og að það þýði ekki að kæra. Fólk getur verið með alls konar skoðanir á því en það verður svolítið að leggja þetta til hliðar því þarna er barn sem mögulega býr við óviðunandi aðstæður.“

Fræðsla kemur ekki veg fyrir ofbeldi

Áriðandi er að fólk fari ekki út í of mikla rannsóknarvinnu ef grunur leikur á að barn sæti ofbeldi. „Það er að sjálfsögðu mikilvægt að hlusta og taka eftir því sem barnið er að segja og spyrja opinna spurninga en það er ekki gott að yfirheyra barnið. Þegar börn koma í viðtöl hjá fagfólki skiptir máli að þau hafi ekki verið spurð leiðandi eða óviðeigandi spurninga.“ Fræðsla er lyklatríði þegar kemur að ofbeldi gegn börnum en á sama tíma er mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir að fræðsla kemur ekki endilega í veg fyrir ofbeldi. „Við þurfum að tala við börn um hlutina eins og þeir eru og eigum ekki endilega að vera að fegra þá eða tala undir rós. Það er oft talað um að

snertingar á einkastaði séu bannaðar en áður en farið er að tala þannig við börn þurfum við að vera viss um að barnið viti hvað átt er við þegar rætt er um einkastaði. Það er líka mikilvægt að börn upplifi ekki að þau beri ábyrgð á ofbeldinu þrátt fyrir að þau hafi verið frædd um það. Við getum frætt börnin upp að vissu marki og stundum ná börn sem eru búin að fá fræðslu að stoppa ofbeldi. En í aðstæðum þar sem barn er á móti fullorðnum er hinn fullorðni alltaf með yfirburðastöðu og þrátt fyrir að barn viti hvernig á að bregðast við ofbeldinu þrýs það kannski og getur ekki spornað við verknáðinum og upplifir að þetta sé því að kennd.“ Þorbjörg þvertækur fyrir að heimurinn fari versnandi þó að vissulega séu ógnir gagnvart börnum á netinu bæði illviðráðanlegar og vaxandi. „Ég held að við séum á réttari leið hvað marga hluti varðar. Við eigum okkur líka draum um að geta útvíkk- að starfsemi Barnahúss þannig að hún nái yfir alla þætti ofbeldis gegn börnum.“

TILKYNNINGASKYLDAN

Grunar þig að barn sæti ofbeldi eða vanrækslu?

Ef einhver grunur leikur á að brotið sé gegn barni er hægt að leita ráða hjá Barnahúsi, þjónustumiðstöðvum hverfanna, félagsráðgjafa eða öðru fagfólki.

Aftur á móti ef grunurinn er sterkur þá á ekki að hika við að hafa samband við Barnavernd í því umdæmi þar sem viðkomandi býr. Það er síðan hlutverk Barnaverndar að upplýsa þann sem í hlut á að tilkynning hafi borist.

Barnavernd gæti þurft að grípa til úrræða þar sem rætt er við barnið án vitn-

eskju foreldra og því skiptir máli að sá sem tilkynnti brotið fyrst upplýsi ekki viðkomandi fjölskyldu um stöðu mála svo vinnuferli

Barnaverndarnefndar sé ekki raskað. Það er ætíð haft að leiðarljósi að ekkert sé gert sem getur skaðað barnið og hagsmunir þess njóta alltaf vafans. Það getur verið snúlið að ræða við börn. Þau geta verið sefnæm og svarað eins og þau halda að fullorðnir vilji. Það er því mikilvægt að fagfólk komi að þessum fyrstu viðtölum.





Tilkynningarskylda „Okkur ber að tilkynna til Barnaverndarnefndar ef við höfum áhyggjur af aðbúnaði barna og ég tala nú ekki um ef börn segja frá að brotið hafi verið gegn þeim,“ segir Þorbjörg. Myndin er sviðsett.



„Stundum er þetta kristaltært, sumt er óljósara og sumt er á gráu svæði.“

